

Þriðjudaginn 14. maí 1985.

Nr. 22/1985. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

**Herði Karlssyni**

(Örn Clausen hrl.)

Þjófnaður.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu að ósk ákærða með stefnu 20. september 1984. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms að því er ákærða varðar, þó þannig, að refsing hans verði þyngd.

Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 14. mars 1985.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að því er ákærða varðar.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði segir.

### **D ó m s o r ð:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að því er ákærða Hörð Karlsson varðar.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000,00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 8.000,00 krónur.

### **Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. júlí 1984.**

Ár 1984, föstudaginn 6. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur, settum sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 324-327/1984: Ákærvaldið gegn Herði Karlssyni, Ó, S og Þ, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæru dagsettri 26. apríl 1984,

gegn ákærða Herði Karlssyni sjómanni, Völvufelli 46, Reykjavík, fæddum þar í borg 15. júlí 1964, Ó, S og Þ „fyrir eftirgreind þjófnaðarbrot:

## I.

Ákærðu Herði Karlssyni og Þ er gefið að sök að hafa, aðfaranótt sunnudagsins 14. mars 1982, brotist inn í söluskemmu Oliufélagsins hf. að Laugarvatni í Árnessýslu og stolið þar ótilgreindu magni af olíum og frostlegi.

## II.

Ákærðu Herði, Ó, S og Þ er gefið að sök að hafa, framangreinda nótt, brotist inn í verslunina Allabúð á Stokkseyri og stolið þar 1.200 krónum, allt að 120 vindlingapökkum og ótilteknu magni af sælgæti.

Telst framangreint atferli ákærðu varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta og greiðslu alls sakarkostnaðar.“

## I.

Aðfaranótt sunnudagsins 14. mars 1982 var brotist inn í olíuskúr Esso við Kaupfélagið á Laugarvatni. Þjófarnir komust inn með því að brjóta upp hurð á skúrnum, og virtist svo sem ekið hefði verið á hana.

Ákærðu Hörður Karlsson og Þ hafa játað að hafa verið þarna að verki. Hafa þeir viðurkennt að hafa komist inn í olíuskúrinn með framangreindum hætti og að hafa stolið þar einhverju af olíu og frostlegi.

Með játningu ákærðu Harðar og Þ, sem er í samræmi við önnur málsöggn, telst sannað að þeir hafi gerst sekir um framangreindan verknað, sem varðar við 244. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærðu hafa báðir samþykkt skaðabótakröfu vegna innbrots þessa frá Kaupfélagi Árnesinga, Selfossi, að fjárhæð kr. 5.409,35.

## II.

Framangreinda nótt var ennfremur tilkynnt um innbrot í verslunina Allabúð á Stokkseyri, Árnessýslu. Eigandi verslunarinnar taldi, að horfið hefði samtals um kr. 1.300 í peningum auk skiptimyntar og talsvert magn vindlinga, eða ca 15-16 lengjur og 50-60 pakkar, sem ekki voru í lengjum.

Ákærðu, Hörður, Ó, S og Þ, hafa allir játað að hafa verið hér að verki. Komust þeir inn með því að brjóta spjald á hurð verslunarinnar. Hins vegar hafa þeir allir borið bríður á, að þeir hafi stolið eins miklu magni af vindlingum og kærandi hefur borið. Þeir hafa allir borið, að þeir hafi sameiginlega tekið þarna nokkra pakka af vindlingum og nokkur hundruð krónur

í skiptimynt, en ekki eins mikið og fram kemur í ákæru. Hefur ákærði S sagt, að í mesta lagi hafi verið um að ræða 200—300 krónur, og ákærði Hörður, að um hafi verið að ræða nokkrar krónur.

Með játningu ákærðu þykir sannað, að þeir hafi gerst sekir um að hafa stolið allt að 300 kr. í peningum og nokkrum þökkum af vindlingum, þó ekki eins miklu magni og í ákæru greinir, sem varðar við 244. gr. alm. hegningarlaga.

### III.

Ákærði Hörður hefur frá árinu 1980 sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

Hann hefur 6 sinnum gengist undir dómsátt, tvívegis vegna ölvunar á almannaþæri, einu sinni vegna nytjastuldar, tvívegis vegna réttindaleysis við akstur og einu sinni vegna ölvunar við akstur. Þá var hann árið 1980 uppvís að þjófnaði o.fl., en ákæru frestað skb. í 2 ár.

Hann hefur sætt þessum refsidómum:

1980 16/12 sakfelldur fyrir nytjastuld og réttindaleysi við akstur. Ákvörðun um refsingu frestað skb. í 2 ár.

1981 20/5 30 daga varðhald, skb. 2 ár, og 2.000 kr. sekt fyrir nytjastuld, ölvun og réttindaleysi við akstur, sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 6 mánuði.

1983 21/6 3 mán. fangelsi, skb. í 2 ár, fyrir þjófnað og tilraun til þjófnaðar. Dómur 20. maí 1981 dæmdur með.

1983 1/9 4 mán. fangelsi, skb. í 2 ár, vegna þjófnaðar. Dómur frá 21/6 dæmdur með.

1983 19/9 4 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.

1983 14/12 3 mán. fangelsi (hegn.auki) fyrir þjófnað, nytjastuld og brot gegn 11. gr., 59. gr. og 60. gr. umfl.

1983 12/12 sakfelldur fyrir þjófnað og fjársvik (hegn.auki). Refsing ekki gerð.

— — —

Brot ákærða Harðar eru bæði framin áður en 5 síðustu refsidómar yfir honum eru upp kveðnir, og ber því að ákveða honum hegningarauka skv. 77. gr. og 78. gr. alm. hegningarlaga, sem telst hæfilega ákveðinn 2 mánaða fangelsi.

— — —

Ákærðu Hörður og Þ hafa sem fyrr segir samþykkt skaðabótakröfu Kaupfélags Árnesinga á Selfossi að fjárhæð kr. 5.409,35, og eru þeir dæmdir til greiðslu hennar.

Með játningum ákærðu telst sem fyrr segir sannað, að þeir hafi stolið allt að kr. 300 í peningum frá Allabúð, Stokkseyri, en ekki er sannað, hversu mörgum vindlingapökkum þeir stálu greint sinn, og verður ekki talið sannað, að þeir hafi stolið eins miklu magni og í ákæru greinir. Ákærðu verða allir dæmdir in solidum til að greiða framangreindri verslun kr. 1.000 vegna skemmda, sem þeir ollu á hurð verslunarinnar, enda þykir sú krafa sanngjörn, svo og til greiðslu kr. 300 í peningum, en kröfu verslunarinnar er að öðru leyti vísað frá vegna vanreifunar og sönnunarskorts.

Ákærðu eru allir dæmdir til að greiða sakarkostnað in solidum.

D ó m s o r ð:

Ákærði Hörður Karlsson sæti fangelsi í 2 mánuði.

— — —  
 Ákærðu Hörður Karlsson og Þ greiði Kaupfélagi Árnesinga Selfossi, kr. 5.409,35 in solidum.

Ákærðu, Hörður, Ó, S og Þ greiði versluninni Allabúð á Stokkseyri, kr. 1.300 in solidum.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað in solidum.

Þriðjudaginn 21. maí 1985.

Nr. 111/1983. **Hagkaup h/f**

(Helgi V. Jónsson hrl.)

gegn

**verðlagsráði**

(Gísli G. Ísleifsson hrl.)

**og Félagi íslenskra bókaútgefenda**

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Samkeppnishömlur. Andmælaréttur í stjórnsýslu. Sératkvæði.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.